Klifurhandbók Akrafjall

Handbók þessi tekur til svæðisins norðan og sunnan megin Berjadalsár. Allar leiðir eru á svæði í klettabelti sem er áberandi frá veginum og ekki nema fimm mínútna ganga í þær leiðir sem lengst eru frá bílastæðinu.

Leiðir hafa verið skráðar eftir bestu vitund og það sama má segja um gráðun leiða en allar ábendingar, hugmyndir að gráðum eða leiðréttingar eru vel þegnar (sendist á iaklifur@gmail.com).

Svæðið er aðgengilegt og þægilegt fyrir byrjendur og barnafólk en einnig er nokkuð um "barnaleiðir". Svæðið er á einkalandi og er mikið útivistarsvæði og því skal ganga vel um svæðið, nota kalk skynsamlega og þrífa eftir sig, taka allt rusl og forðast að styggja sauðfé. Skiljið við svæðið eins og þið komið að því. Lausaganga hunda er bönnuð. Drytooling er bannað í hamrinum, NO DRY-TOOLING!

Leiðirnar eru taldar frá norðurenda yfir ána og til suðurs.

Með von um ánægjulegt klifur í Akrafjalli.

Yfirlit



Þegar komið er upp úr göngunum frá Reykjavík er keyrt í átt að Akranesi en beygt til hægri á Akrafjallsvegi (51) áður en að bænum er komið. Við Sorpu er beygt til hægri og aftur til vinstri inn á malarveg . Keyrt með ánni fram hjá motorcross brautinni og að bílastæðinu við Selbrekku. Leggið innan hestagirðingar á bílastæði. Klettarnir sjást áður en að bílastæðinu er komið. Svæðið skiptist í norðursvæði og suðursvæði (skiptist við veginn/ánna).

Norðursvæði: Oft bleyta á þessu svæði undir klettunum eftir rigningatíð. Hægt er að ganga að klettunum að ofan eða að neðan. Fyrsta leiðin er nyrst og heitir Kuldaboli.

Suðursvæði: Leiðirnar blasa við um leið og bílnum er lagt. Flestar leiðirnar eru þétt á svæðinu við ánna en dreifast svo suður úr. Stakur klettur fyrir ofan beltið geymir þrjár leiðir og eitthvað er af krakkaleiðum fyrir ofan grjótgarðinn.

Fyrir línuklifur þarf að keyra lengra eftir malarveginum, beygja til hægri áður en komið er að bílastæðinu.



Fyrsta alvöru grjótið í klettabeltinu norðan við veginn. Byrjar nyrst.

1. **Kuldaboli 6a**: Græn leið. Byrjar sitjandi í áberandi undirgripi, fer út á slabbið og upp á lítinn stall. Tæp hreyfing upp á stallinn og toppa. Há leið.
2. **Vold 5a**: Rauð leið. Byrjar í góðu gripi og sameinast Kuldabola á stallinum.
3. **Surf´s up 5c**: Blá leið. Byrjar í undirgripi og upp með horninu og toppar.

Áberandi yfirhangandi turn hægra megin við Kuldabola og co. Frábær klettur.

4. **Stjakinn 5.12a.** Grjótglímuþraut í leiðslu, þrír boltar og eitt auga og setja sling utan um grjótið efst fyrir akkeri, þægilegt að ganga í að ofan. Ber nafn sitt af grjóti sem stendur upp úr jörðinni og líklegt til að stjaksetja þá sem detta. Tryggjari þarf að vera vel vakandi. Byrjar vinstra megin í góðri flögu og fer vinstra megin upp eftir sprungum, grípið varlega. Þverar til hægri undir yfirhangið og svo upp hægra megin í dýrðlega holu sem er eins og einhver hafi mótað hana í höndum. Toppar svo með látum. Töff leið. Þórður Sævarsson boltaði og leidd fyrstur.

5. **Pucifer 6b+**: Byrjar alveg í horninu og þverar til vinstri upp á skemmtilegt slabb. Toppar upp á slabbið. Má að sjálfsögðu ekki stíga á grasið vinstra megin.

6. **Liljan 5a**. Byrjar sitjandi í áberandi kanti sem liggur upp slabbið. Létt og löðurmannleg leið sem toppar.

7. **Ani 6a+:** Hliðrun sem dregur nafn sitt af þjóðlagasöngkonunni Ani DiFranco. Byrjar lengst til hægri og fer til hægri á slabblegum tökum og fótum sem notast við sprungurnar. Hér má **EKKI** stíga alveg neðst á áberandi þægileg fótatök heldur smyrja fætinum í sprungurnar. Hægt að enda með því að toppa (rautt) eða hliðra alveg út til hægri (appelsínugult). Oft blaut mýri undir leiðinni eftir regn.



8. **Turninn 5.5:** Leið sem áður var highball en hefur nú verið boltuð af feðginunum Dodda og Sylvíu (10 ára), sem leidd leiðina fyrst. Prýðileg leið með einu áberandi krúxi við þriðja bolta. Hér gildir að stíga hátt. Tveir sigboltar í toppi en það er auðvelt að nálgast þá að ofan til að setja ofanvað eða hreinsa.



9. **Snæfellsjökull 5c/6a**. (Blá) Hér er útsýnið yfir jökulinn fallegt á kvöldin. Byrjar í undirgripi á flögu og toppar.

10. **Sunnan jökuls 5c**. (Rauð) Klifur upp sprungu á þægilegum tökum. Farið varlega efst, lausir steina.

11. **Þýski ferðamaðurinn 5b**. Byrjar á litlum stalli og fer upp á rúnuðum köntum og hliðargripum. Toppar.

12. **Gaulverja-bær**: Rauð leið. Krakkaleið sem fer upp í holuna og toppar.

13. **Ástríkur**: Græn leið. Krakkaleið sem fer upp á stallinn og vinstra megin upp af stallinum.

14. **Valshamar hinn minni 5b**. Blá leið. Slabb og tæpir fætur. Hér gilda Valshamars reglur: Má ekki stíga til vinstri á pallinn eða halda í brúnina.

15. **Steinríkur**. Skemmtileg krakkaleið á síðasta grjótinu fyrir veginn. Prýðileg upphitunarleið áður en lengra er haldið. Hér skal hugað að fótavinnunni.

16. **Sjóðríkur**. Létt krakkaleið á síðasta grjótinu norðan við veginn. Snýr út að veginum.

Við færum okkur suður yfir ánna og finnum fyrstu leiðirnar á áberandi stórum og háum kletti við ánna.

17. **Lúlli laukur 5a**: Græn leið. Lítil og létt leið.

18. **Berjadalsá 5b**: Rauð leið. Létt slabbhliðrun á sæmilegum fótum og hliðartökum. Endar í stóra kantinum fyrir miðju. Rennur eins og áin.

19. **Skólastjórinn 6a**. Gul leið. Byrjar létt, þægileg grip í sprungu og cool undirgrip en top out-ið beint yfir bumbuna er sketsí, kantar og sloper.

20. **Köngulóin**: Blá leið. Létt á stórum tökum og á slabbi. Fín byrjenda- og krakkaleið en svoldið há.

21. **Strumpaleiðin**: Krakkaleið á stórum tökum upp á klettinn.

22. **Ein ekki óvitlaus 5c/6a**: Rauð leið norðanmegin á sama kletti og Flörg og Ævintýradalurinn. Byrjar sitjandi í góðu taki og fer beint upp í topp. Hér má ekki stíga á stallana vinstra megin. Búið að hreinsa mosann úr þeim gripum sem þarf að nota.



Leiðirnar eru í góðu skjóli vinstra megin við Tólið (sléttur veggur) á kletti sem stendur áberandi út á túnið.

23. **Flörg 6b**: Rauð leið alveg á horninu. Hér má ekki nota stóra stallinn vinstra megin (áberandi). Leiðin liggur beint upp hornið og byrjar í litlum köntum við endan á stóra stallinum og tæpum fótum. Beint upp gripinn.

24. **Skagaslátrarinn 7b**: Fjólublá leið. Byrjar sitjandi í undigripi og hliðrar lágt til vinstri út á hornið í góða flögu. Tæpur kantur hátt vinstra megin og svo beint upp eins og Hilmar.

25. **Ævintýradalurinn 6b**: Gul leið. Hægt að byrja standandi í monoholu og gaston eða byrja sitjandi í undirgripi og lengja leiðina um tvær hreyfingar. Endar í toppi.

Leiðirnar eru í horninu á slabbvegg vinstra megin við Bestu leiðina og co.

26. **Tólið 6b+**: Rauð leið alveg í horninu. Klifrað upp sprungu og út á feisið í krimper og áfram upp í undirgrip, toppa. Alvöru byssuleið.

27. **The Jesus Christ Pose 7a+: Græn.** Æðislega leið á litlum tökum upp slabbvegg sem fer ögn í fangið í lokin. Tæpar og erfiðar jafnvægishreyfingar, langar teygjur og grunn tveggjaputtaskál gera þess leið að perlu fyrir þá sem kunna að meta svoleiðis klifur. Til minningar um einn besta söngvara okkar tíma, Chris Cornell.

28. **Project** Fjólublá leið: Byrjar þægilega lengst til hægri. Upp og hliðra til vinstri á köntum, sameinast Tólinu í krimper, toppa.

29. **Gripið í mosann 5c/6a**: Blá leið. Krúttlegt lítið dæno. Byrjar í tveimur litlum köntum, háir fætur og svo búmm! beint á hornið. Búið að skafa þann mosa af toppinum sem þarf.



Áberandi flottasti kletturinn og hellirinn fyrir ofan er kjörinn fyrir kakó og sólarlag.

30. **Upp í hellinn 5c**: Blá leið, líklega fyrsta formlega leiðin á svæðinu. Byrjar í undirgripi og fer upp hornið á þægilegum tökum og toppar. Eðal fín leið.
31. **XXX 6b:** Rauð leið. Fer meira bara beint upp úr undirgripinu og toppar í hellinum.
32. **Besta leiðin 6c:** Appelsínugul leið. Ber nafn með rentu og er ein besta leiðin á svæðinu. Byrjar í hliðartaki og fer til vinstri upp í topp. Algjör snilldar leið.
33. **Sandalar 5b** Gul leið. Fer upp til hægri og toppar.
34. **Flip Flops 5c:** Græn leið. Byrjar á pallinum lengst til hægri en fer vinstra megin upp hornið og toppar á sama stað og Sandalar.

35. **Svarta leiðin 5b:** Fjólublá leið. Skemmtilegt slabb á áberandi svörtum kletti. Stíga hátt, smá tæp.

36. **Óðríkur**: Rauð leið. Létt og lítil krakkaleið

37. **Sleipur 5a**: Græn leið á þægilegum tökum upp að miðju. Þá verður hún meira slabb. Hægt að toppa þar. Má ekki stíga vinstra megin.
38. **Bekkurinn 5c**: Blá leið. Byrjar sitjandi, hælkrók og mantle upp á stallinn, toppa.

39. **Black dynamite 6a+.** Appelsínugul leið. Byrjar sitjandi og toppar. Er nokkrum metrum sunnar en Besta leiðin og co.

40. **Tígullinn 5b:** Byrjar á litlum stallin hægra megin. Leiðinleg lending, drasl leið.

Hoppað yfir lítinn læk og að þremur leiðium. Oft drulla undir klettinum hægra megin.

41. **Á meðan hrossin flýja 6a**: Græn leið. Byrja standandi í sprungu og toppa vinstra megin.

42. **Á meðan hrossin horfa á 6a**: Rauð leið. Byrja sitjandi í moldinni á nokkurs konar flögu/stalli og toppa beint upp.

43. **Toppmosi 6a**: Blá leið. Byrjar á horninu og fer upp með því og svo í topp.

44. **Klaufi**: Krakkaleið á klettinum vinstra megin við endan á grjótgarðinum. Byrja standandi í hliðargripi. Má ekki stíga á grjótgarðinn.

45. **Garðar 6a**. Staðsett við endan á grjótgarðinum hægra megin. Byrjar standandi í undirgripi og toppar. Passið lendinguna þar sem klifrað er yfir grjótgarðinn.



46. **Moses 6a+:** Rauð leið, hliðrun út úr horninu yfir slabbið og erfið hreyfing sem endar á litlum stalli, toppar.

47. **Ógeðisleiðin 6b**. Græn leið, smá slabb. Toppar

Kletturinn er stakur klettur fyrir ofan réttina/grjótgarðinn og geymir nokkrar krakkaleiðir.

48. **Drullan.** Blá leið, byrjar í undirtaki og krimper.

49. **Meistarinn.** Græn leið. Byrja standandi í sprungu og toppa.

50. **Klettur**: Fjólublá leið. Byrja standandi hægra megin og upp á topp.

51. **Whip, whip:** Hliðrun á merktum tökum (rauðir hringir). Endar á stalli hægra megin.

Kletturinn er stakur fyrir ofan klettabeltið og geymir þrjár fínar leiðir.

52. **Braut rassgatið 6b.** Mjög skemmtileg hliðrun sem fer til hægri úr smá dæld á góðum tökum en tæpum fótum, endar í góðum juggurum og toppar. Grjót undir krúxinu sem er vont að lenda á, "hence the name".

53. **Naglinn 6a+**: Appelsínugul leið. Byrjar í góðum gripum neðarlega (BS). Kraftmikil hreyfing í juggara og svo toppa. Hægt að byrja öfugt, með tákrók upp í juggarann.
54. **Sundlaugin 5c**: Blá leið. Byrjar í undirtaki og endar í topp. Byrjar sitjandi, slóperar.

Ef haldið er í suðurátt eftir malarveginum framhjá bílastæðinu eru stórir hamrar á vinstri hönd. Í áberandi stærsta hamrinum eru níu boltaðar klifurleiðir.

1 Lýsisperlan 5.9-5.10 Liggur alveg upp hornið og sameinast leið 2 um miðja leið. Lyktar áberadi af Múkka spýju. Byrjar á brölti upp á stall, létt klifur. Vel í fangið eftir það og tæpt klifur á litlum köntum og flögum en breytist fljótt í stór og þægileg tök. Flott leið, ekki ósvipuð nágrannanum hægra megin, Hreiðrinu.

2 Hreiðrið 5.10c/d (fjólublá). Byrjar á brölti upp stall, takið varlega í grjótið. Leiðin hefst fyrir alvöru á sléttum vegg á litlum köntum og tæpum fótum. Powerhreyfing í geðveikt undirtak og svo eru nokkrar tæpar hreyfingar til viðbótar upp að litlu þaki og yfir það. Eftir það er smá slabb, kantar og fótavinna. Orginal leiðin er hugsuð beint upp feisið án þess að taka út fyrir hornin hægra eða vinstra megin og ekki nota stóru juggarana í hliðunum (áberandi góð tök). Ef allt er notað er leiðin mun léttari, 5.10a. En endilega smakkið á henni og gefið álit. 9 boltar í leiðinni. Fyrst leidd af Þórði Sævarssyni sem boltaði ásamt Sigurði Tómasi Þórissyni.

3 Varðmenn spýjunnar 5.4 (rauð leið). Dregur nafn sitt af varðmönnum í Fýlslíki sem spúa eldi og brennistein á alla sem komast upp í miðja leið. Ekki freistast langt út úr leið. Leiðin byrjar í skemmtilegu yfirhangi á góðum juggurum. Við tekur slabb

(framhjá hreiðrunum) sem lýkur á góðum stalli. Eftir það er þægilegt klifur upp í topp. Þéttboltuð (10 boltar) og hentar vel í fyrstu leiðslu.

4 Skírarinn 5.8 Var boltuð á Skírdag og liggur beint upp breiða sprungu í byrjun á þægilegum tökum en þverar ögn til vinstri undir áberandi stóra flögu í miðri leið (ekki fara mikið í flöguna). Erfitt klifur yfir slabb á tæpum fótum og köntum. Pælingin er að fara út fyrir á slabbið á vinstri hlið og ekki stíga á stóru flöguna. Ef það er gert er leiðin mun léttari. Sameinast leið 5 þegar komið er yfir slabbið. Létt og skemmtileg eftir það. Leiðina má einnig gera erfiðari með því að fara beint upp slabbið í byrjun og sleppa sprungunni.

5 Írskir dagar 5.4. Blá leið. Þægileg leið upp smá stall. Krúxið er að vippa sér upp á slabbið en þar stendur maður mjög vel í góðri brekku. Eftir slabbið er létt klifur beint upp eftir boltalínunni. Var boruð og boltuð á Írskum dögum.

6 Sætur álfur 5.4 Léttari útgáfa af Ljóta álfinum, ágæt byrjendaleið. Sæti álfurinn liggur upp hornið vinstra megin á stórum tökum upp á ögn tæpt slabb og sameinast Ljóta álfinum við þriðja bolta.

7 Ljótur álfur, 5.8. Græn leið. Leiðin er gömul og var boltuð af félögum úr Björgunarfélagi Akraness. Leiðin byrjar á slabbi og upp í góða hvíld undir litlu þaki. Áfram yfir þakið á litlum köntum og jafnvægishreyfingum. Endar á þægilegum tökum upp í topp. Sagan segir að leiðin hafi einhvern tíman gengið undir nafninu Gyllinæð.

8 Vírbursti nr. 3, 5.6. Til minningar um vírburstana sem dóu við hreinsun þessarar leiðar. Byrjar á tæpu klifri upp hrygginn (erfiðasti parturinn) og eftir það er þægilegt brölt upp í topp. Leiðin er um 17 metrar og það er ekkert akkeri, heldur tvö augu sem auðvelt er að hreinsa úr ofan frá. Leiðin þarf einn vírbursta í viðbót, smá burst og mokstur.

9 Mulningur 5.5 Leið sem byrjar hægra megin við hrygginn og fer upp losaralegasta hluta hamarsins. Fer upp á þægilegum tökum í byrjun en verður síðan þynnri fyrir miðju. Þegar yfir miðjuna er komið tekur við brölt upp í akkeri (tveir sigboltar). Leiðin ber nafn með rentu þar sem heilu blokkirnar voru hreinsaðar úr leiðinni og mikið var um laus tök. Algjör hjálmaskylda í þessari leið og farið rólega í hana til að byrja með.

10 Skátamót 5.6 Byrjar á brölti upp slabb og þar tekur við stutt yfirhang þar sem farið er vinstra megin við stóran stall. Þegar upp á stallinn er komið tekur við klifur á litlum köntum og sprungum upp í topp. Deilir akkeri með Vírbursta nr. 3, allavega fyrst um sinn.

Hreinsun tók nokkurn tíma þar sem mikið var um mosa og drullu, laust grjót og flögur. Klifrara eru því beðnir um að fara varlega í fyrstu atrennu, klifra mjúklega og nota hjálm.

Sunnanmegin í sama hamri er ein leið.

11 Sólarmegin 5.10c. Mjög skemmtileg leið, sérstaklega fyrri hlutinn. Byrjar undir litlu þaki og fylgir sprungu á tæpum köntum upp og yfir litla bumbu og svo fylgir önnur bumba þar á eftir. Eftir bumburnar tvær tekur við þægilegt klifur yfir hrygg, labb upp slabb og í topp á þægilegum tökum (ekkert akkeri, augu sem auðvelt er að hreinsa úr).

100 metrum norðar er annar minni hamar sem geymir nokkrar skemmtilegar leiðir.



Leið 1 og 2 eru dótaleiðir, Bakþankar og Vopnahlé.

1 Bakþankar (dótaleið) 5.6.

Leiðin fylgir greinilegri sprungu upp miðjan vegginn, og er ýmist í eða vinstra megin við sprunguna. Ágætis byrjun og dálítið í fangið með góðum tryggingum (EK). Léttist ofar, en eftir því sem ofar dregur verður klifrið líka lausara, illtyggjanlegra og almennt bara leiðinlegt.*Leiðarlýsing tekin af Klifur.is

2 Vopnahlé (dótaleið) 5.8.

Skemmtileg leið sem byrjar í slabbi upp í greinilega sprungu undir þakinu. Þaðan er nokkuð löng layback hreyfing upp í góðan juggara (EK) þar sem góður hælkrókur kemur manni upp yfir þakskeggið.

Gott er að hafa varann á í þessum kafla, þar sem bæði juggarinn og steinnin sem staðið er á eru greinilega ekki hluti af klettinum. Svo ef menn vilja ekki rjúfa vopnahléð og setja allt af stað, þá er ekki óvitlaust að vera frekar statískur og blíður í

hreyfingunum.
Eftir þakið liggur leiðin svo eftir nokkrum góðum syllum upp á brún. Fleygur var skilinn eftir í tortryggðari kaflanum í byrjun.*

3 Bakþankar - afbrigði 5.6. Leiðin er afbrigði af dótaleiðinni "Bakþankar" og fylgir hún sprungunni upp í byrjun (ek) en þverar út á feisið til hægri við þriðja bolta. Þar taka þægileg og stór tök við. Endar í tveimur sigboltum sem auðvelt er að nálgast að ofan.

4 FlórídaSkaginn 5.7. Vinstra megin við Bakþanka liggur FlórídaSkaginn, enda er alltaf sól á Skaganum. Fyrst er smá brölt upp slabb. Þar tekur við feisið en leiðin fer beint upp feisið án þess að koma nálægt sprungunum. Tæp og löng teygja upp í gott grip í byrjun og þaðan er hún næs alla leið upp í topp. Mjög skemmtileg leið.

5 Bremsufarið 5.11b Byrjar undir áberandi bumbu. Leiðin fer beint yfir bumbuna upp að litlu þaki (ek) og þar upp á tæpt en skemmtilegt slabb þar sem reynir á jafnvægið. Hægt að "svindla" og taka út fyrir kantinn til vinstri inn í Bakþanka en hver vill vera svindlari. Sameinast Bakþönkum upp á fyrsta þægilega stallinum.

KLIFURFÉLAG